

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar - nóvember 2002

Nú liggja fyrir tölur um greiðsluafkomu ríkissjóðs til nóvemberloka. Tölurnar hér á eftir sýna sjóðhreyfingar og eru sambærilegar við almenn sjóðstremisýfirlit. Þær eru hins vegar ekki samanburðarhæfar við ríkisreikning eða fjárlög ársins sem eru sett fram á rekstrargrunni.

Tölurnar endurspeglar í meginatriðum þá niðurstöðu fjárlaga ársins sem gerði ráð fyrir að staða ríkissjóðs myndi veikjast vegna samdráttar í þjóðarútgjöldum. Þannig er handbært fé frá rekstri neikvætt um 18,1 milljarð króna samanborið við 4,2 milljarða neikvæða stöðu á sama tíma í fyrra. Fjármunahreyfingar eru hins vegar jákvæðar um 8,1 milljarð króna í stað 18,5 milljarða neikvæðrar stöðu í fyrra. Þar munar mestu um 16 milljarða lánveitingu til Seðlabankans í fyrra, auk þess sem innstreymi vegna sölu hlutabréfa í Landsbanka Íslands í júní sl. nam um 5 milljörðum króna. Þá hækka innheimtar afborganir um 2,9 milljarða frá sama tíma í fyrra.

Heildartekjur ríkissjóðs námu 206,5 milljörðum króna og hækkuðu um 10,1 milljarð frá fyrra ári, eða um rúmlega 5%. Skatttekjur ríkissjóðs hækka mun minna, eða um 3½%. Skýringin á þessum mismun felst fyrst og fremst í auknum tekjum af sölu eigna á þessu ári. Þótt hækkun skatttekna sé heldur meiri en síðasta uppgjör sýndi stafar það fyrst og fremst af meiri innheimtu tekjuskatts lögaðila enda reyndist álagning vegna ársins 2001, sem kemur til innheimtu á síðustu mánuðum þessa árs og fyrstu mánuðum næsta árs, mun hærri en áætlað hafði verið. Flestir aðrir tekjuliðir sýna minni hækkun milli ára en í síðasta uppgjöri. Það gildir um tekjuskatt einstaklinga, tryggingagjald og virðisaukaskatt sem hafa dregist saman að raungildi milli ára. Þetta sýnir að þótt samdráttur í þjóðarþúskaþnum sé ekki eins mikill og hann var er hann enn til staðar.

Greidd gjöld nema 221,4 milljörðum króna og hækka um 21 milljarð frá fyrra ári, eða um 10,5%. Miðað við fjárheimildir (án fjárukalaga sem samþykkt voru í desember) eru gjöldin hins vegar 4,9 milljörðum umfram það sem ætlað var, eða 2,2%. Útgjöld til félagsmála (þ.m.t. heilbrigðis- fræðslumál og almannatryggingar) eru 137,4 milljörðum, en þau vega 62% af heildarútgjöldum ríkissjóðs. Þar munar mestu um útgjöld til heilbrigðismála, eða 56,4 milljarða króna og hækka um 6,7 milljarða frá fyrra ári. Þá nema greiðslur til almannatrygginga um 44,1 milljarði og hækka um 4,9 milljarða króna. Greiðslur til samgöngu- og atvinnumála eru 33 milljarðar og hækka um 1,2 milljarða, eða 3,8% frá fyrra ári. Vaxtagreiðslur eru 17,6 milljarðar og hækka um 1 milljarð króna milli ára.

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-nóvember (Í milljónum króna)

	<u>1998</u>	<u>1999</u>	<u>2000</u>	<u>2001</u>	<u>2002</u>
Innheimtar tekjur.....	145.011	173.492	184.588	196.408	206.478
- Sala eigna.....	-648	-6.359	-38	-226	-3.252
Greidd gjöld.....	142.625	157.214	175.616	200.379	221.362
Handbært fé frá rekstri.....	1.739	9.922	8.934	-4.197	-18.135
Fjármunahreyfingar.....	4.402	10.929	-260	-18.513	8.120
Hreinn lánsfjárfjöfnuður.....	6.141	20.851	8.673	-22.710	-10.015
Afborganir lána.....	-25.246	-34.103	-34.445	-22.310	-32.463
Innanlands.....	-15.432	-17.322	-20.911	-7.506	-12.382
Erlendis.....	-9.814	-16.781	-13.534	-14.804	-20.080
Greiðslur til LSR og LH.....	0	-3.639	-5.500	-11.875	-8.250
Lánsfjárfjöfnuður. brúttó.....	-19.104	-16.891	-31.269	-56.895	-50.728
Lántökur.....	19.268	13.117	27.793	65.227	46.826
Innanlands.....	19.977	-2.577	6.060	16.529	16.054
Erlendis.....	-708	15.694	21.733	48.697	30.771
Greiðsluafkoma ríkissjóðs.....	164	-3.772	-3.478	8.332	-3.902

Lántökur ríkissjóðs námu 46,8 milljörðum króna á fyrstu ellefu mánuðum ársins. Þar af nema erlend langtímalán 34,4 milljörðum króna en þau voru tekin til endurfjármögnunar erlendra lána og til þess að mæta tímabundinni greiðslufjárbörf ríkissjóðs innan ársins. Á móti dregur úr erlendum skammtímalánum um 3,6 milljarða. Lántökur innanlands námu 16 milljörðum króna. Á móti lántökum vega afborganir að fjárhæð 32,5 milljarðar króna. Þá voru 8,3 milljarðar greiddir til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í því skyni að lækka framtíðarskuldbindingar ríkissjóðs.

Tekjur ríkissjóðs janúar-nóvember (Í milljónum króna)

	Breyting frá fyrra ári. %						
	<u>2000</u>	<u>2001</u>	<u>2002</u>	<u>1999</u>	<u>2000</u>	<u>2001</u>	<u>2002</u>
Skatttekjur í heild.....	171.657	182.022	188.379	15,9	11,0	6,0	3,5
Skattar á tekjur og hagnað.....	49.657	56.924	59.296	18,8	18,8	14,6	4,2
Tekjuskattur einstaklinga.....	38.145	44.662	47.862	17,3	15,5	17,1	7,2
Tekjuskattur lögaðila.....	6.503	7.107	5.102	29,6	1,3	9,3	-28,2
Skattur á fjármagnstekjur.....	5.009	5.155	6.332	13,6	115,3	2,9	22,8
Tryggingagjöld.....	17.191	19.102	20.618	9,7	9,1	11,1	7,1
Eignarskattar.....	8.453	9.540	9.696	7,5	17,5	12,9	1,6
Skattar á vöru og þjónustu.....	95.878	95.915	98.309	16,4	7,2	0,3	2,5
Virðisaukaskattur.....	60.994	62.087	64.672	17,4	9,6	1,8	4,2
Aðrir óbeinir skattar.....	34.884	33.826	33.636	14,8	3,4	-4,4	-0,6
Þar af:							
Vörugjöld af ökutækjum.....	4.746	2.836	2.688	22,6	-11,3	-40,2	-5,2
Vörugjöld af bensíni.....	6.985	6.931	6.797	6,4	4,5	-0,8	-1,9
Þungaskattur.....	4.415	4.650	4.606	14,6	14,6	5,3	-0,9
Áfengisgjald og hagn. ÁTVR.....	7.955	7.823	7.875	9,1	5,7	-1,7	0,7
Annað.....	11.295	11.586	11.666	21,2	4,4	2,6	0,7
Aðrir skattar.....	478	541	460	43,6	23,2	13,2	-14,9
Aðrar tekjur.....	12.930	14.385	18.100	64,1	-30,0	11,3	25,8
Tekjur alls.....	184.588	196.407	206.478	19,6	6,7	6,4	5,1

Gjöld ríkissjóðs janúar-nóvember (Í milljónum króna)

	Breyting frá fyrra ári. %						
	<u>2000</u>	<u>2001</u>	<u>2002</u>	<u>1999</u>	<u>2000</u>	<u>2001</u>	<u>2002</u>
Almenn mál.....	19.841	20.727	24.027	12,7	13,3	4,5	15,9
Almenn opinber mál.....	11.142	11.579	13.400	17,4	13,0	3,9	15,7
Löggæsla og öryggismál.....	8.700	9.149	10.627	7,2	13,7	5,2	16,2
Félagsmál.....	106.525	122.195	137.368	8,9	9,9	14,7	12,4
Þar af: Fræðslu- og menningarmál.....	22.173	26.021	28.913	10,0	8,2	17,4	11,1
Heilbrigðismál.....	45.225	49.747	56.409	12,5	12,7	10,0	13,4
Almannatryggingamál.....	32.878	39.210	44.077	3,6	6,5	19,3	12,4
Atvinnumál.....	27.143	31.763	32.986	13,5	4,4	17,0	3,9
Þar af: Landbúnaðarmál.....	7.887	9.560	10.099	7,6	1,8	21,2	5,6
Samgöngumál.....	12.242	14.174	14.589	17,3	6,9	15,8	2,9
Vaxtagreiðslur.....	15.803	16.551	17.600	-6,2	44,4	4,7	6,3
Aðrar greiðslur.....	6.300	9.153	9.377	68,1	8,9	45,3	2,4
Greiðslur alls.....	175.617	200.379	221.362	10,2	11,7	14,1	10,5